

**Sþ.**

**247. Tillaga til þingsályktunar**

[131. mál]

um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Flm.: Tómas Árnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Áhersla verði lögð á gagnasöfnun og rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, eðli þeirra og orsökum, enn fremur hvort unnt sé að sjá fyrir og hindra snjóflóð og skriðuföll og hvaða vörnum og viðvörnum verði við komið.

Ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi niðurstöður þessara athugana ásamt tillögum til úrbóta.

**Greinargerð.**

Snjóflóð og skriðuhlaup eru mjög algeng náttúrufyrirbæri hérlendis, enda hafa skriður átt drjúgan þátt í mótun landsins. Frá upphafi byggðar hafa þessar náttúruhamfarir öðru hvoru gert usla í lífi og starfi þjóðarinnar og valdið stórfelldu manntjóni og eignatjóni.

Snjóflóðin í Norðfirði og víðar nú í vetur hafa enn minnt harkalega á það að hefja verður skipulegar og hagnýtar snjóflóðarannsóknir á Íslandi. En jafnframt þurfa einnig að koma til rannsóknir á skriðuföllum.

Ýmsir Íslendingar hafa unnið merkileg störf að gagnasöfnun í þessum fræðum. Ólafur Jónsson hefur t. d. skrifað mikið og gagnmerkt ritverk um skriðuföll og snjóflóð.

Almannavarnanefnd ríkisins hefur nokkuð hafist handa í þessum málum, m. a. með því að skrifa bæjaryfirvöldum í þeim kaupstöðum í landinu, þar sem snjóflóð gætu fallið, og óskað eftir kortlagningu hættusvæða. Enn fremur hefur nefndin beðið um álit á því hvaða vörnum væri hugsanlegt að koma við til varnar gegn snjóflóðum.

Erlendis hafa rannsóknir á snjóflóðum, fjallhruni og jarðskriðum verið gerðar um allanga hríð. Í Sviss, Noregi, Bandaríkjunum og eflaust víðar er þessi starfsemi talsvert öflug í formi rannsóknar- og athugunarstöðva. Ein merkasta rannsóknarstöð um snjóflóð er í Davos í Sviss og er markmið hennar að vinna að vörnum gegn snjóflóðum og gera svonefndar snjóflóðaspár til viðvörunar. Þá er einnig unnið skipulega að björgunarstörfum, m. a. með hjálp hunda og rafbylgjutækja. Einnig fer fram fræðslustarf um snjóflóð, bæði með fyrirlestur og útgáfustarfi.

Safna þarf öllum upplýsingum um snjóflóð og skriðuföll og kortleggja hættusvæðin. Þá þarf visindalegar rannsóknir á þessum náttúrufyrirbærum, orsökum þeirra og eðli. Er t. d. unnt að sjá snjóflóð fyrir, þannig að ráðrúm gefist til viðvörunar?

Sjálfsgætt er að leita til þeirra stofnana erlendis, sem hafa á að skipa reyndum sérfræðingum í vörnum gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Sérstaklega virðist áriðandi að hraða aðgerðum í öllu er lýtur að snjóflóðunum.

Að athugun lokinni þykir rétt, að ríkisstjórnin leggi fyrir Alþingi niðurstöður og tillögur um tilhögun þessara mála.